




Reykjavík, 13. mars 2025
USK25010295

Skólavörðustígur 37 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa ,ósk um breytingu á deiliskipulagi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. febrúar 2025 var lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hallgrímssonar, dags. 27. janúar 2025, um breytingu á deiliskipulagi reits 1.182.3, Kárastígsreits, vegna lóðarinnar nr. 37 við Skólavörðustíg sem felst í að rífa niður húsið og endurbyggja með sama útliti en þó nýrri útfærslu á kvistum og að byggja kjallara að norður lóðarmörkum. Einnig er lögð fram samantekt ásamt yfirliti hæða og breytinga, ódags., skýrsla VSÓ Ráðgjafar, dags. 24. september 2024, um hönnunarforsendur burðavirkja og samantekt á niðurstöðu frumathugunar, umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 6. febrúar 2025. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Gildandi deiliskipulag



Ljósmynd, Skólavörðustígur 37

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin miðborgarsvæði.

Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG: Í gildi er deiliskipulagið Kárastígsreitur austur samþykkt í borgaráði dags 27. ágúst 2008 með síðari breytingum. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er Skólavörðustígur 37 með verndun götumyndar í dökkugulum flokki, einnig er húsið verndað vegna aldurs. Samkvæmt gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur er hverfisvernd á svæðinu þar sem megin markmið er að varðveita og styrkja þau einkenni og það heildaryfirbragð gamla bæjarins sem gera hann einstakan og eftirsóknarverðan stað í alþjóðlegu samhengi - varðveita og styrkja söguleg og fagurfræðileg einkenni.

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er lóðin fullbyggð.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 37 við Skólavörðustíg er steinsteypt þriggja hæða hús með kjallara og risi sem var byggt árið 1933. Húsið er teiknað af Arinbirni Þorkelssyni og var upphaflega byggt sem sjúkrahús kvenfélagsins Hvítabandsins.

Samkvæmt húsakönnun sem gerð var samhliða deiliskipulagsvinnunni kemur fram að Hvítabandið beri einkenni steinsteypuklassík sem mótaðist á Íslandi í upphafi steinsteypualdar. Skólavörðustígur 37 hefur lítið breyst frá því að það var byggt. Samkvæmt húsakönnuninni hefur húsið listrænt gildi sem steinsteypuklassík og



menningarsögulegt gildi sem tengist heilbrigðismálum á Íslandi og að húsið var byggt samkvæmt hugmyndum um randbyggð frá þriðja áratugi 20.aldar.

Húsið hefur mikið menningarlegt og listrænt gildi auk þess er húsið áberandi og mikilvægt í sögu Reykjavíkur. Eldri arkitektúr eru mikilvægur og gefur miðbænum sérstaka ímynd sem er mikilvægt að standa vörð um.

Samkvæmt skýrslu VSÓ sem fylgir erindinu, byggir matið á breytingum sem þyrfti að gera vegna ætlaðrar notkunar á húsinu. Ætla má að ef notkunarbreytingar á eldri svæðum borga kallaði á niðurrif húsa yrði lítið eftir af þeim sögulegu svæðum sem þykja nú eftirsóknarverð til heimsóknna og skoðunar. Lagt er til að notandi skoði hvað sé hægt að gera til að halda húsinu og finni því annars e.a. starfsemi sem krefst ekki niðurrifs.

Ljóst er að varðveislugildi hússins að Skólavörðustíg 37, Hvítabandsins, er mjög mikið, bæði hvað varðar sögu heilbrigðisþjónustu á Íslandi og byggingarlistasögu. Ef húsið hverfur af sjónarsviðinu rofnar því sterkur þráður sem mikilvægt er að viðhalda í sögulegu samhengi þjóðar. Ef hús er rífið og byggt að nýju verður alltaf eitthvað, bæði óáþreifanlegt og gerð, sem hið nýja hús getur ekki við haldið eða uppfyllt og því mikil hætta á að minni, sem mikilvægt er í þróunarsögu samfélagsins fari forgörðum, gleymist.

Niðurstaða

- Neikvætt samanber umsögn hér að ofan.
- Lagt er til að notandi skoði hvað sé hægt að gera til að halda húsinu og finni því annars e.a. starfsemi sem krefst ekki niðurrifs.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.



Reykjavík